

Stjórnarfundur UMSB

2.12.2014 – kl. 20.00

Logalandi

Mætt: Sigurður Guðmundsson, Krístín Gunnarsdóttir, Ásgeir Ásgeirsson, Sólrún Halla Bjarnadóttir, Þórhildur María Kristinsdóttir og Pálmi Blængsson

1. Formaður setur fundinn
2. Formaður ber undir atkvæði fundargerð síðasta stjórnarfundar. Hún samþykkt
3. Verkefni í gangi
 - a) Íþrótt og tómstundaskólinn.
Pálmi segir okkur frá gangi mál, vinnan gengur vel. Ákveðið að kynna þetta 10.-11. des fyrir foreldrum. Fundirnir verða haldnir á hverjum stað fyrir sig.
 - b) Ráðning starfsmanna í félagsmiðstöð.
Fyrirhugaður er fundur með Ásthildi fræðslustjóra um ráðningu starfsmanna. Vonandi fáum við svör og hvernig verðið staðið að þessu þannig að hægt verði að ráða starfsmann sem fyrst.
 - c) Tjaldsvæði fyrir ULM 2016.
Tekinn staðan. Athuga hvort áhugi sé hjá umhverfisskipulagssviði í Landbúnaðarháskólanum að gera hugmyndir fyrir framtíðar tjaldsvæði sem hægt væri að nýta fyrir Unglingalandsmót 2016 og fl.
 - d) Nóri-Felix
Framhald af formannafundi um hvort eigi að taka upp nóra. Verið er að gera nýtt kerfi í stað Felix og reyna að auðvelda þannig alla vinnu fyrir félögin. Ákveðið að geyma þetta og sjá hvernig nýja felix kerfið virkar.
Bókun: Upplýsa alla formenn um gang mála.
 - e) Húsnæði UMSB og íþrótt og tómstundaskólans.
Staðan tekin. Nú á að flytja gáma af Skallagrímssvelli og kostar það 2,5milljónir og list sveitarstjóra vel á þessa hugmynd.
 - f) Fundur með UMFÍ og sveitarstjórn v. ULM 2016.
Pálmi bíður eftir svari frá Kolfinnu um fundartíma. Ætlunin er að fá fulltrúa frá UMFÍ til að kynna ULM 2016 fyrir fulltrúum sveitarfélagsins.

4. Skallagrímssvöllur, samningur við (GB)Golfklúbb Borgarness

Búið er að halda fund með stjórn GB um samning sem er á milli UMSB og þeirra um umhirðu á Skallagrímssvelli.

Bókun: sambandstjóri leggur til að samningi verði sagt upp, og það var samþykkt.

5. Fjárhagsáætlun

Pálmi kynnti fyrir okkur fjárhagsáætlun. Lítur vel út. Verið að setja upp betra kerfi svo auðvelt sé að sjá mánuð fyrir mánuð.

Bókun: Fjárhagsáætlun samþykkt.

Reyna að klára að gera upp skuld við afreksmannasjóð fyrir áramót.

6. Launakjör.

Pálmi vék af fundi undir þessum lið.

7. Samningar við Hvalfjarðarsveit og Skorradalshrepp.

Búið er að senda samning á bæði sveitarfélögin, fylgja þarf honum vel eftir.

8. Kjör íþróttamanns Borgarfjarðar.

Búið er að senda á öll félög áminningu um val á íþróttamanni.

Bókun: Athuga hvort Hjálmaklettur sé laus fyrir uppskeruhátíð 10. eða 11. janúar

9. Fundargerðir á heimasíðu

Allar fundargerðir komnar inn frá þessu ári, líka formanna fundir og ársskýrslur.

10. Önnur mál.

Inntaka nýs félags. Formlega stofnað Mótorsportfélag Borgarfjarðar (MSB) sækir um inngöngu í UMSB..

Bókun: Samþykkt með fyrirvara um að lög félagsins verði samþykkt af UMFÍ og ÍSÍ.

Sigurður segir okkur frá ÍSÍ þingi. Segir okkur frá Smáþjóðaleikunum og minnir á að sjálfbóðaliða vantar svo þetta gangi allt upp. Lagt til að senda upplýsingar um smáþjóðaleika á alla formenn og biðja þá að ýta við sínu fólki að taka þátt.

Pálmi talar um að til eigi að vera 100þús. kr. eyrnamerkt mótorsportfélaginu eftir síðasta unglíngalandsmót. Þetta á að vera til bókað.

Ritnefnd.. þarf að athuga hvar þau mál standa s.s með myndir og annað.

Spurning kom um frjálssíþróttæfingar í sveitunum ? Þar vantar þjálfara.

11. Næsti stjórnarfundur ákveðinn 8.janúar 2015 Borgarnesi.

Fundargerð ritaði Þórhildur María Kristinsdóttir.